

# Fræðslubók

fyrir tengiliði farsældar

Heilsugæslan



Kristín Ómarsdóttir

Verkefnastjóri farsældar barna á

Þróunarmiðstöð íslenskra heilsugæsla

# Kæru tengiliðir



Takk fyrir að taka að ykkur þetta nýja hlutverk.


Þetta er skemmtileg og mikilvæg vinna í þágu farsældar barna en við munum líka takast á við margar áskoranir. Ég er sannfærð að sigrarnir verða fleiri en mistökin en ég vil að við höfum í huga að það er í lagi að skipta um skoðun, hugsa hlutina upp á nýtt þó svo að ákveðin stefni verði mótuð í upphafi.

Mítt hlutverk er að styðja við ykkur og vera til staðar ef á þarf að halda.

Hvet ykkur til að hafa samband við mig ef eitthvað er.

[kristin.omarsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:kristin.omarsdottir@heilsugaeslan.is)

Kristín Ómarsdóttir



# Tilgangur laganna

Megin tilgangur laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðganga að samþættri þjónust við hæfi án hindrana. Samþætting þjónustu er fyrir þau börn sem þurfa á einstaklingsmiðaðan stuðnings sem krefst aðkomu ólíkra kerfa.

Þjónustan er skipt í þrjú þjónustuflokka (sjá mynd).

1. **stigs** þjónusta skiptist í tvö undirstig, grunnþjónusta og fyrsta stigs þjónusta.
2. **stigs** þjónusta er markvissari stuðningur og hafa foreldrar og barn málstjóra á vegum sveitarfélags/félagsþjónustu í stað tengiliðs.
3. **stigs** þjónusta er sérhæfðari stuðningur, flókin og fjölþættur vandi.

Heilsugæslan er skilgreindur þjónustuveitandi á fyrsta stigi.


Heilbrigðisstarfsmenn geta þó verið boðaðir inn í stuðningsteymi á öðru og þriðja stigi.

**Tengiliðir farsældar** starfa á fyrsta stigi.

**Málstjórar farsældar** starfa á öðru og þriðja stigi.

# Staðsetning tengiliða

Tengiliðar á heilsugæslunni sinna konum á meðgöngu og börnum til 2.ára eða þegar skólaganga hefst.



Á meðgöngu og til 2.ára aldurs eða þegar skólaganga hefst.



Heilsugæslan




Börn á aldrinum 2.- 6. ára



Leikskólinn



Börn á aldrinum 6.ára - 16.ára



Grunnskólinn



Ungmennir á aldrinum 16.-18.ára




Framhaldsskóli eða félagsþjónusta

Þrátt fyrir það sinnir heilsugæslan börnum á öllum aldri og því mikilvægt að allir starfsmenn heilsugæslunnar geti leiðbeint um farsæld barna og staðsetningu tengiliða.

Starfsmenn heilsugæslunnar geta verið boðnir að taka sæti í stuðningsteymi sem fulltrúar þjónustuveitenda á öðru og þriðja stigi.

# Fyrsta stigs þjónusta



Heilsugæslan sinnir **fyrsta stigs þjónustu**. Fyrsta stigs þjónusta er skipt í grunnþjónustu og fyrsta stigs þjónustu (sjá mynd).

**Grunnþjónusta** er þjónusta sem er í boði fyrir alla s.s. almenn heilsugæsla, Ung- og smábarnavernd, bólusetningar, meðgönguvernd, forvarnir og fleira.


**Fyrsta stigs þjónusta** er markviss einstaklingsmiðuð íhlutun og úrræðin eru í samræmi við frummat á þörfum barnsins.

Atburðir í nærumhverfi barna getur orðið til þess að barn þarf aukna þjónstu. Sem dæmi má nefna: Foreldrar sem upplifa vanmátt í uppeldishlutverkinu, veikindi nákomna, lítið bakland, fjárhagslegar aðstæður, erlendum bakgrunnur, hælisleitendur og fleira.

# Hlutverk tengiliðs farsældar á heilsugæslu

Hlutverk tengiliðar er að:

- Styðja við foreldra og barn, taka matsviðtal og leiðbeina.
- Styðja við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- Veita upplýsingar um þjónustu, úrræði og réttindi.
- Setja saman áætlun í samvinnu með foreldrum.
- Fylgja málum eftir og/eða ljúka samþættingu.
- Koma upplýsingum áfram ef þörf er á samþættingu á öðru stigi.
- Koma upplýsingum áfram til tengiliðar við flutning máls.




# Tengiliðar farsældar

Þegar tengiliður tekur til starfa í máli barns getur viðkomandi fylgt málinu betur eftir en áður, fengið auknar upplýsingar um hagi barnsins og líðan frá aðilum utan skólans og þannig mætt þörfum barnsins betur.

**Allt er þetta þó háð samþykki foreldra og/eða barns og beiðni þeirra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barnsins.**

- Tengiliður hefur yfirsýn yfir þjónustukerfið sem í boði er fyrir barnið.
- Skipuleggur og fylgir eftir markvissri samvinnu þjónustuveitanda um snemmtækan stuðning. Í mörgum tilfellum má gera ráð fyrir að mál fari fljótlega í beinan og fyrirsjáanlegan farveg og lítil þörf veðri fyrir frekari samþættingu þjónustu.
-




# Ábyrgð heilsugæslunnar

Allar heilsugæslustöðvar á landinu hafa skilgreint tengilið á heilsugæslunni. Með innleiðingunni á farsældar lögunum fylgdi fjármagn sem er hugsað til þess að veita tengiliður rými og tíma til að sinna sínu hlutverki. Fjármagnið var ekki hugsað sem hækkun á launflokki.

Hlutverk tengiliðs tekur tíma og því mikilvægt að tengiliður setjist niður með sínum yfirmanni til þess að fara yfir verkefnalistann til að finna svigrúm og tíma.

Stjórnendur heilsugæslunnar og tengiliður farsældar þarf að fara í þá vinnu að gera úrræðalista fyrir heilsugæsluna til að fá góða yfirsýn yfir þjónustu sem auðveldar starf tengiliðs.





# Úrræði og úrræðalisti

Úrræði á fyrsta stigi hafa m.a. að markmiði að koma í veg fyrir að vandinn aukist og verði erfiðari viðureignar.

Stuðningurinn felur í sér aukna aðstoð eða liðsinni sem barn gæti haft verulegan ávinning af til að bæta aðstæður þess og líðan.

Minniháttar heilsufarsvandi barna á fyrsta stigi getur verið t.d. tímabundin stuðningu sjúkráþjálfara.

Úrræðalisti fyrir fyrsta stigs þjónustu á heilsugæslunni á að vera til staðar og vera aðgengilegur starfsfólki og foreldrum. Listinn er unnin í samráði við stofnunina, tengiliði og annað starfsfólk heilsugæslunnar. Mikilvægt er að úrræðalistinn sé reglulega uppfærður.

**Ítarefni:** Inn á vefsíðu Próunarmiðstöðvar er stuðningsefni og beinagrind af úrræðalista.

- [www.throunarmidstod.is](http://www.throunarmidstod.is)
- <https://island.is/s/bofs>
- <https://www.farsaeldbarna.is/>

Úrræðalisti getur auðveldað vinnu tengiliðs og verið tímasparnaður fyrir aðra starfsmenn.

# Hæfni tengiliðar

Tengiliður farsældar á heilsugæslu þarf að uppfylla ákveðna hæfni og yfirsýn áður en byrjað er.

## Tengiliður farsældar þarf að:

- Hafa sótt Farsældarskóla 1 og 2 á vegum Barna- og fjölskyldustofu.
- Hafa þekkingu og yfirsýn yfir þá þjónustu sem er í boði á heilsugæslunni og sveitarfélaginu.
- Vera í góðum tengslum við þau börn og foreldra sem hann þjónustar.
- Eiga í góðum samskiptum við aðra þjónustuveitendur á svæðinu.
- Hafa grunnmenntun á háskólastigi og leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012,

Tengiliðir og málstjórar mega ekki vera tengdir barni eða foreldrum þess með þeim hætti sem mundi leiða til vanhæfis samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Tengiliðir og málstjórar eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnarsýslulaga um upplýsingar sem þeir hafa orðið áskynja um vegna verkefna skv. reglugerð þessari.

Ítarefni:

- <https://farsaeldarskolinn.teachable.com/>
- <https://island.is/s/bofs>

# Eyðublöð



Laiðbeitingar um samþættingu þjónustu má finna með því að skanna QR kóðinn:

## Trúnaðarmál

Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliðar/málstjóra

Nafn barns:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
<input type="checkbox"/> Barnið hefur tvo forsjáraðila				
<input type="checkbox"/> Barnið hefur einn forsjáraðila				
Forsjáraðili A:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Forsjáraðili B:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:

Upplýsingar um aðstæður barns sem miðla á til tengiliðar/málstjóra:

Með undirritun minni á þessa beiðni staðfesti ég að ég hef verið upplýst/ur um hvað samþætting þjónustu er og hvað felst í beiðni þessarar. Þá hef ég verið upplýst/ur um með hvaða hætti vinnsla persónuupplýsinga fer fram á grundvelli beiðni þessarar.

Undirskrift forsjáraðila A:	Dagsetning
Undirskrift forsjáraðila B ef við á:	Dagsetning
Undirskrift barns ef við á:	Dagsetning:

Þjónustuveitandi eða sá sem veitir almenna þjónustu í þágu farsældar barns:

## Bláa blaðið - beiðni um miðlun upplýsinga

Eyðublað sem notað er þegar foreldrar treysta sér ekki sjálfir að virkja tengilið. Heimilar að taka saman upplýsingar um aðstæður barns og miðlar þeim til tengiliðar.

*Dæmi: Læknir upplýsir um farsæld barna og tengilið, foreldrar treysta sér ekki að hafa samband við tengilið, læknir fyllir út bláa blaðið og hefur samband við tengilið.*

**ATH! Að ef þjónustuveitandi er starfsmaður heilsugæslunnar þá þarf ekki að nota þetta blað heldur má viðkomandi fara beint til tengiliðar farsældar heilsugæslunnar.**

## Gula blaðið - beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliðar/málstjóra á meðgöngu

Eyðublað sem notað er þegar barnshafandi einstaklingur treystir sér ekki að virkja tengilið sjálf.

*Dæmi: Ljósmóðir upplýsir um farsæld barna og tengilið, barnshafandi konan treysta sér ekki að hafa samband við tengilið, ljósmóðir fyllir út gula blaðið og hefur samband við tengilið.*

Ef traust ríkir á milli ljósmóður og barnshafandi móður er mikilvægt rjúfa ekki það traust. Hægt er að vinna saman að lausnum með aðstoð tengiliðs.



Laiðbeitingar um samþættingu þjónustu má finna með því að skanna QR kóðinn:

## Trúnaðarmál

Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliðar/málstjóra á meðgöngu

Nafn barnshafandi einstaklings:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Aætlaður fæðingardagur:				

Upplýsingar um aðstæður barnshafandi einstaklings sem miðla á til tengiliðar/málstjóra:

Með undirritun minni á þessa beiðni staðfesti ég að ég hef verið upplýst/ur um hvað samþætting þjónustu er og hvað felst í beiðni þessarar. Þá hef ég verið upplýst/ur um með hvaða hætti vinnsla persónuupplýsinga fer fram á grundvelli beiðni þessarar.

Undirskrift barnshafandi einstaklings:	Dagsetning
--	------------

Þjónustuveitandi eða sá sem veitir almenna þjónustu í þágu farsældar barns:



Leiðbeiningar um samþættingu þjónustu má finna með því að skanna QR kóðinn.



**Trúnaðarmál**

Beiðni um samþættingu þjónustu

Nafn barns:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
<input type="checkbox"/> Barnið hefur tvo forsjáraðila				
<input type="checkbox"/> Barnið hefur einn forsjáraðila				
<b>Forsjáraðili A:</b>	<b>Kennitala:</b>	<b>Heimilisfang:</b>	<b>Netfang:</b>	<b>Sími:</b>
<b>Forsjáraðili B:</b>	<b>Kennitala:</b>	<b>Heimilisfang:</b>	<b>Netfang:</b>	<b>Sími:</b>

Með undirritun minni á þessari beiðni staðfesti ég að ég hef verið upplýst/ur um hvað samþætting þjónustu er og hvað felur í beiðni þessari. Þá hef ég verið upplýst/ur um með hvaða hætti víxlaða persónuupplýsinga fer fram á grundvelli beiðni þessarar.

Undirskrift forsjáraðila A:	Dagsetning
Undirskrift forsjáraðila B ef við á:	Dagsetning
Undirskrift barns ef við á:	Dagsetning

Tengillíður, máltjóri ef við á:

## Bleika blaðið - beiðni um samþætta þjónustu

Er eyðublað sem foreldrar fylla út þar sem óskað er eftir að þjónustan við barn verði samþætt.

Beiðnin heimilar tengiliðum, málstjórum, þjónustuveitendum og þeim sem veita þjónustu í þágu farsældar barna að vinna upplýsingar um barn til að tryggja því skipulagða og samfellda þjónustu.

## Gula blaðið - beiðni um samþætta þjónustu á meðgöngu

Er eyðublað sem barnshafandi einstaklingur fyllir út þar sem óskað er eftir að þjónustan við sig verði samþætt. Beiðnin heimilar tengilið að veita barnshafandi einstakling samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.



Leiðbeiningar um samþættingu þjónustu má finna með því að skanna QR kóðinn.



**Trúnaðarmál**

Beiðni um samþættingu þjónustu á meðgöngu

Nafn barnshafandi einstaklings:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
<b>Auðlabur fæðingardagur</b>				

Með undirritun minni á þessari beiðni staðfesti ég að ég hef verið upplýst/ur um hvað samþætting þjónustu er og hvað felur í beiðni þessari. Þá hef ég verið upplýst/ur um með hvaða hætti víxlaða persónuupplýsinga fer fram á grundvelli beiðni þessarar.

Undirskrift barnshafandi einstaklings	Dagsetning
---------------------------------------	------------

Tengillíður, máltjóri ef við á:

# Viðtalsvísir

Gott er að hafa í huga að í samtali við foreldra að spyrja með opnum spurningum  
S.S.

Segðu mér...hvað, hvaða, hvernig.. mig langar að heyra....

Ítarefni: Viðtalsvísir, [www.throunarmidstod.is](http://www.throunarmidstod.is)


# Farsæld barna - flutningur mála

## Flutningur máls milli tengiliða

- Tengiliður óskar eftir skilafundi eða bókar símtal við tengilið á leikskólanum.
- Ef um fund er að ræða eru gögn um samþættingu þjónustu afhent á pappír. Ef um símtal er að ræða þurfa gögnin að fara í gegnum Signet Transfer eða ábyrgðarpóst.

## Flutningur máls frá tengilið til málstjóra

- Tengiliður hefur samband við málstjóra farsældar í félagsþjónustu viðeigandi sveitarfélags og metið er hvort þörf sé að færa málið yfir á annað stig.



# Spurningar og svör

## Hvað er tengiliður?

Tengiliður er málsvari barns og fjölskyldu þess. Hvert barn og foreldrar hafa aðgang að tengilið.

## Hvernig berast mál til tengiliða?

Mál geta borist til tengiliða með eftirfarandi hætti:

- Foreldrar/barn óska eftir samþættingu - með símtali á heilsugæsluna eða með tölvupósti.
- Tengilið berast upplýsingar um/tekur eftir að þörfum barns sé ekki fylgt, tengiliður hefur í kjölfarið samband við foreldra og kynnir þeim samþættingu þjónustu.

## Hvernig fer viðtal við tengilið fram?

Fjölskyldan kemur í viðtal hjá tengilið. Tengiliður spyr út frá matsblaði um hagi fjölskyldunnar, stöðu, frávík, áfallasögu o.s.frv.

Tengiliður ákveður hvort að þörf sé á samþættingu þjónustu. Samþætting felur í sér að tengiliður hefur heimilt til að afla sér upplýsinga og úrræði frá öðrum stofnunum. Ef tengiliður og foreldrar óska eftir samþættingu undirrita þau beiðni um samþættingu þjónustu.

## Hvað ef foreldrar vilja ekki samþættingu þjónustu?

Samþætt þjónusta er boð um þjónustu og ekki skylda. Ef foreldrar vilja ekki samþætta þjónust er samt hægt að ráðleggja og leiðbeina um úrræði og bera foreldrar ábyrgð á því að skipuleggja og fylgja eftir þjónustunni. Tengiliður tekur áfram við upplýsingum um barnið og ber áfram skylda að hafa samband við foreldra ef þörfum barnsins er ekki mætt.

Ef heilsa eða lífi barns eða ófæddis barns er stefnt í hættu ber að tilkynna til barnaverndar. Tilkynna skal um grun ekki aðeins staðfestar sannanir.

# Spurningar og svör

## **Hverju bæta farsældarlögin við núverandi þjónustu?**

Með tilkomu farsældarlaganna er lögð áhersla á að styrkja grunnþjónustu í nærumhverfi barnsins. Þau börn sem þurfa einstaklingsmiðaða þjónustu hafa nú aðgang að tengilið farsældar. Tengiliðar eru til þess að veita ráðgjöf og leiðbeina um úrræði. Tengiliðar leiða foreldra í gegnum kerfið.

## **Hver er munurinn á beiðni um miðlun upplýsinga og um samþætta þjónustu?**

Beiðni um miðlun upplýsinga er eyðublað sem heimilar heilbrigðisstarfsfólki að taka saman upplýsingar um aðstæður barns og miðla þeim til tengiliðs s.s. ef tengiliður er staðsettur í leikskóla eða skóla.

Beiðni um samþættingu þjónustu er eyðublað sem heimilar tengilið að veita þjónustu í þágu farsældar barna og ræða við önnur kerfi til að fá upplýsingar, úrræði og lausnir til að tryggja samfellda þjónustu.

## **Þurfa báðir foreldrar að undirrita beiðnir svo samþætting geti hafist?**

Ávallt skal hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi en samþætting þarf að vera undirrituð af lögheimilisforeldri.